

Skuggi af stúlku eftir Joan MacLeod

Unnið eftir hugmynd Kathleen Gallagher

Markmiðið með kennsluefninu er að nemendur vinni með og kynnist ýmsum erfiðum málum alvarlegum málum t.d. einelti og afskiptaleysi. Þeir kynnast atburðum sem gerðust í alvöru og leiddu til dauða unglingsstúlku. Þeir setja sig í spor þeirra sem stunda einelti, þeirra sem verða fyrir einelti ásamt þeim fjölmörgu sem eru óbeinir þátttakendur eineltis með afskiptaleysi með því að horfa á og gera ekki neitt. Námskeiðið byggir m.a. á hópavinnu, sjónsköpun, skapandi ritun, spuna, paravinnu og hlutverkaleik.

Kennsluverkefnið er unnið uppúr leikritinu *The Shape of a Girl* eftir Joan MacLeod.

Leikritið fjallar um nokkrar 15 ára stúlkur: Bryndísi, sem er sögumaður, Andreu, vinkonu hennar, og Soffíu, bekkjarsystur þeirra. Hugmynd að verkinu fékk höfundurinn þegar ung stúlka (15 ára gömul) var myrt í Kanada af nokkrum bekkjarsystrum sínum. Þær hringdu í fórnarlambið og buðu henni að koma í náttfatapartí. Hún mætti á tiltekinn stað með bakpokann sinn og beið eftir stúlkunum. Þær leiddu hana síðan á afvikinn stað þar sem gengið var í skrokk á henni og hún síðan myrt.

Hreyfing/snerting:

Þátttakendur dreifa sér um salinn. Allir er'ann í einu. Leikurinn er snerting þ.e. ef þú ert snertur t.d. á vinstri handlegg þá getur þú ekki hreyft handlegginn. Ef þú ert snertur á hægri fót þá getur þú ekki hreyft hægri fót. Þú getur hreyft þig en hægri fótur og hægri handleggur eru stíf. Þannig heldur þetta áfram þar til einn eða enginn er eftir.

Leikir:

Höndin sem ræður: Finnið féлага, fylgið hendinni sem ræður. Sá fyrsti sem stjórnar setur flatan lófann fyrir framan féлага sinn. Nú reynir sá sem ræður að fara eins hátt eða lágt með höndina. Sá sem fylgir verður að fylgja hendinni allt sem hún fer. Reynið að gera þetta eins erfitt og hægt er.

Skriptið um hlutverk.



Vinir og óvinir: Lítið yfir hópinn og ákveðið með sjálfum ykkur hver er vinur ykkar og hver er óvinur. Gangið um salinn og notið vin ykkar sem vörn gegn óvini ykkar. Hafið vin ykkar alltaf á milli ykkar og óvinarins. Endurtakið leikinn en passið ykkur á að horfa ekki beint á vini ykkar eða óvini

Kynnast textanum:

Kennari les eftirfarandi texta:

„...og svo dag einn, ósköp venjulegan dag kemur Andrea í skólann og tilkynnir okkur að í dag sé hrekkjadagur. Við höfum ekki hugmynd um hvað er hrekkjadagur? Andrea útskýrir að þegar við höldum hrekkjadag þá eigum við að velja eina stelpu til að hrekkja og vera vondar við í heilan dag. „Af hverju?“ spyrjum við. „Það veit ég ekki“ svarar Andrea. Þetta fylgir því víst bara að vera í skóla. Andrea býðst til að vera fyrsta fórnarlambið. Við fáum að hrekkja og vera vondar við Andreu heilan dag. Mig langar líka til að fá að vera fyrst. Það er erfitt að skilja hrekkjadaginn. Hann er fullur af reglum. Stelpan sem við fáum að hrekkja og vera vondar við er auðvitað með lús. Við hinar skrifum LL á hendurnar (Lúsa Laus). Þegar við vorum að ljúka 10. bekk var hrekkjadagurinn orðin jafn flókinn og stríð. En samt var mjög auðvelt að fatta hver var óvinurinn. Allar stelpurnar voru búnar að skrifa LL á hendurnar sínar nema ein. Ég veit ekki af hverju það var Soffía. Það var bara svoleiðis.

Spurningar og umræður:

Hvað er hrekkjadagur? Er hann til á Íslandi? Hvernig væri hann ef hann væri til? Ef hann er til hvernig lýsir hann sér? Þekkið þið til einhverskonar sambærilegs dags hérlendis? Hver setur reglurnar sem gilda t.d. á göngunum í skólanum? En úti? Eru til einhverjar óskráðar reglur sem þarf að fara eftir? Eitthvað sem allir vita, t.d. á böllunum? Hvað gerist ef einhver fer ekki eftir reglunum? Hvað þýðir að passa ekki inní? Passa ekki inní hvað? Hver ákveður hvað það er sem á að passa inní? Eru allir sammála um þær reglur eða þann mælikvarða?

Búið til kyrrmynd af hrekkjadeginum.

Búið til senu um einhvern sem er utanveltu eða brýtur reglurnar.

Þið hafið 5 mínútur.

Leikið í pörum - spuni:

Kennari les eftirfarandi texta:

Þetta byrjaði allt aftur fyrir þremur vikum inni á stelpuklósetti. Ég geng inn, ég er ekki að gera neitt sérstakt ég þarf bara að pissa. Soffía er þarna að setja á sig asnalegan bláan eyeliner. Kemur ekki Andrea askvaðandi út af innsta klósettinu. Hún hefur verið að gráta, augun eru rauð og þrútin. Líklega hefur eitthvað komið upp á milli hennar og Júlla.

„Förum“ segi ég við hana, en hún hefur tekið eftir Soffíu. „Á hvað ert þú að glápa?“ Soffía fölnar og glápir stjörf á handþurrkurnar.

„Ég var að spyrja þig spurninga.“ Soffía stendur ennþá stjörf, tóm. Soffía hefur tekist að fara í gegnum allan grunnskólann nánast ósýnileg. Andrea kastar landabréfabókinni sinni á fótinn á Soffíu. Soffía blikkar ekki einu sinni.

„Taktu hana upp.“

„Förum.“

„Ég sagði taktu hana upp.“

Gerðu eitthvað, segðu eitthvað, bara eitthvað, taktu slaginn. Gerðu eitthvað, segðu eitthvað, bara eitthvað, taktu slaginn.

Nei, Soffía beygir sig niður og ég hata hana. Um leið og hún gerir það veit ég að hún er búin að tapa. Andrea sparkar Soffíu niður á fjóra fætur. Öll sú vinna sem fór í það að láta ekki á sér bera er fyrir bí. Soffía er mjög áberandi, fætur hennar bleikir og nærbuxurnar hvítar með bláum hringjum.

„Vá, en sætt, Soffía meri.“

Soffía reynir að standa upp en Andrea sparkar henni aftur niður. „Sagði ég að þú mættir standa upp?“ Soffía reynir að snúa höfðinu en Andrea rifur í fötin hennar. „Kannski er merin þyrst.“ Hún dregur Soffíu að klósettinu. Og þá loksins tekst Soffíu að snúa höfðinu. Hún nær að snúa því að mér. „Bryndís, hjálp.“

Maður gerir það sem maður þarf að gera.

Þú horfir niður.

Svona.

**Hópavinna:**

Tveir og tveir saman sem A/B (A sem Bryndís, B sem Andrea).

Búið til senu/spuna sem gerist síðar um daginn í skólabílnum á leiðinni heim.

Sena/spuni: Bryndís og Andrea sitja saman. Bryndís spyr um það sem gerðist inni á klósetti.

Hverju svarar Andrea?

Þegar kennari stoppar ykkur og spyr ykkur spurningar, svarið sem persóna. Byrjið:

Spurningar til Bryndísar: Bryndís, hvernig líður þér? Finnst þér vináttan milli ykkar Andreu hafa breyst? Ef svo er, hvernig? Ef ekki, af hverju ekki? Vildir þú að Andrea væri öðruvísi? Af hverju, af hverju ekki? Ertu hrædd við Andreu?

Spurningar til Andreu: Hefur þú áhyggjur af því að Bryndís eigi eftir að segja frá því sem gerðist inni á klósetti? Af hverju/af hverju ekki? Sérðu eftir því sem þú gerðir? Af hverju/af hverju ekki? Er þér alveg sama? Hefur þú áhyggjur af því að einhver kjafti frá? Átti Soffía þetta skilið? Af hverju?

Skrifað í hlutverki:

Aftur í hlutverk, skrifið stutta frásögn af atburði sem þið horfðuð á þegar einhver var lagður í einelti? Þið stóðuð hjá og fylgdust með en gerðuð ekkert.

Lesið það sem þið skrifuðuð. Hinir hlusta.

Kennari velur eitt eða tvö atriði sem nemendur vinna með:

- a) Búið til kyrrmynd af því sem einhver las.
- b) Búið til senu sem gerist rétt áður en kyrrmyndin varð til.
- c) Búið til senu sem gerist eftir kyrrmyndina.
- c) Endurtakið, ef þarf.

Stopp leikhús; (Forum Theatre):

Þrjár fyrirsgnir birtust í blöðunum þegar Reena Virk var myrt:

„Unglingar, sem ákærðir eru fyrir morð, líta á morðið sem grín.”

„Vitni segir unglina sem drekktu Reena Virk hafi reykt sígarettu á meðan.”

„Fjöldi nemenda vissi um fyrirhugaða árás en gerði ekkert til að afstýra því.”

Nemendur leika atburðarás í spuna. Hvaða nemandi sem er getur sagt stopp og þannig tekið við hlutverki þess sem er að leika persónuna sem er í vörn. Sá sem segir stopp, kemur inn í atburðarásina en hann verður þá að breyta senunni. Hann má ekki halda áfram sem frá var horfið.

Ýmislegt sem hægt er að gera í spuna:

Sem verjendur unglina, (hvernig er hægt að réttlæta þennan verknað?).

Sem blaðamenn (hvernig er hægt að skrifa um atburðinn án þess að vera í dómarasætinu?).

Sem fjölskylda þeirra sem eru ásakaðir, (t.d. við matarborðið).

Sem fjölskylda Reenu Virk (þegar þau fá fréttirnar).

Sem kennarar (þegar þeir þurfa að segja fréttina í skólastofunni).